



Kópavogi, 12. nóvember 2025
2109382/ ADK

Beiðni Strætó um veltengingu milli Fossvogsbrúnar í Kópavogi og Stjörnugrófar í Reykjavík.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 3. nóvember 2025 var lögð fram beiðni Strætó bs. dags. 8. september 2025 um að Kópavogur og Reykjavíkurborg hefji undirbúning að gerð veltengingar milli Fossvogsbrúnar og Stjörnugrófar eins fljótt og auðið er. Tillögunni fylgdi drög að útfærslu veltengingarinnar dags. 23. apríl 2023, unnin af Eflu verkfræðistofu og Strætó bs.

Gert er ráð fyrir að umrædd veltenging verði nýtt af núverandi leiðum 11 og 17 sem hjáleidd vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Til framtíðar er gert ráð fyrir að leið H, milli Seltjarnarness og Breiðholts, í nýju leiðaneti strætó aki um veltenginguna á 15 mínútna fresti. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að veltengingin muni nýtast neyðarbílum.

Veltengingin verður lokuð almennri umferð með aðgangsstýrðum hliðum. Tvær nýjar stoppistöðvar eru fyrirhugaðar á leiðinni, við Víkina í Reykjavík og Fossvogsbrún í Kópavogi. Fyrirhuguð ný veltenging kemur til með að þvera fjölfarinn göngu- og hjólastíg, tekið er fram að gangandi og hjólandi umferð muni verða í forgangi.



Mynd 1. Loftmynd af kortavef Kópavogsbæjar sem sýnir sveitarfélagsmörk. Mynd 2. Skýringarmynd úr drögum að útfærslu.

Ofangreind veltenging hefur áður verið til umræðu í skipulagsráði Kópavogs. Þann 19. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Strætó um veltenginguna ásamt umsögn skipulagsdeildar dags. 15. júní s.á.

Afgreiðsla skipulagsráðs á fyrirspurninni var eftirfarandi:

Skipulagsráð leggst ekki gegn framlagðri fyrirspurn en leggur ríka áherslu á að umferðaröryggi verði



tryggt við göngu- og hjólastíg í Fossvogsdal og við íbúðakjarnann við Fossvogsbrún 2A. Jafnframt skal huga sérstaklega að fyrirkomulagi bílastæða í Fossvogsbrún.

Í ofangreindri umsögn skipulagsdeildar frá árinu 2023 lagt mat á áhrif breytingarinnar á nærumhverfi í Kópavogi, bæði hvað bein áhrif af framkvæmdinni varðar og einnig varðandi þá samgöngubót sem breytingin felur í sér fyrir íbúa í Kópavogi.

Tekið er undir jákvæð áhrif breytingarinnar á heildarkerfi Strætó, sérlega fyrir notendur sem ferðast innan Reykjavíkur en síður fyrir notendur innan Kópavogs. Upptökusvæði nýrrar stöðvar við Fossvogsbrún er talið fremur lítið þar sem aðrar stöðvar liggja nær þéttbýlustu svæðunum. Þó kann stöðin að nýtast vel fyrir athafnasvæðið í Smiðjuhverfi.

Tilkoma vegtengingarinnar mun gera það að verkum að bílastæðum við búsetukjarna í Fossvogsbrún fækkar og að ekki verður lengur heimilt að leggja í götunni. Þá munu strætisvagnar keyra framhjá búsetukjarnanum á 15 mínútna fresti sem kann að hafa neikvæð áhrif dvalarsvæði íbúa. Þar sem meðal annars býr fólk með skerta sjón og hreyfigetu. Þó skal tekið fram að umferð vagnanna verður hæg skv. erindi Strætó eða um 15 km/klst.

Gert er ráð fyrir að biðstöðvar verði staðsettar á vegtengingu á milli hringtorgs á Skemmuvegi og Fossvogsbrúnar. Sökum stuttra fjarlægðra verður biðstöðin staðsett í minna en 15 fjarlægð frá gatnamótum við hringtorg, sem getur orsakað raðamyndun út á hringtorgið ef umferð er mikil. Engar gönguleiðir eru þar sem biðstöðvarnar eru fyrirhugaðar og ekki kemur fram hver mun sjá um eða greiða fyrir uppsetningu biðstöðva og lagningu nauðsynlegra gönguleiða.

Inn á Fossvogsbrún tengjast hjólastígar frá Smiðju- og Skemmuhverfi. Hjólandi vegfarendur sem leið eiga til eða frá Elliðadal nota Fossvogsbrún til að komast leiða sinna. Með tilkomu strætó þrengist að hjólaleið í kanti götunnar. Ef vel ætti að vera þyrfti að koma fyrir öruggri hjólaleið meðfram götunni.

Ekki kemur fram í minnisblaðinu um hvernig vetrarþjónustu verði háttað á strætóleiðinni. Strætóleiðir eru í forgangi og hefst þjónustan upp úr kl. 04 að morgni til. Ekki er pláss fyrir svo stóra bíla að snúa við sveitarfélagsmörkin og þyrfti sami bíll að sjá um veghlutann Kópavogs- og Reykjavíkurmegin. Ekki kemur fram í minnisblaði hver ætti að sjá um vetrarþjónustu þvert á sveitarfélagsmörk. Talsvert ónæði er af slíkum bílum, sérstaklega í ljósi þess að einungis 11 m eru frá veggbrún búsetukjarnans þar sem eru svefnherbergi og að götu.

Niðurstaða:

Vísað er til umsagnar skipulagsdeildar frá 15. júní 2023.

Breytingin hefur takmörkuð áhrif á almenningssamgöngur innan Kópavogs en hefur þýðingu fyrir heildstætt framtíðarkerfi almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu.

Verði ákveðið að útfæra tenginguna er lögð áhersla á að hún rýri ekki búsetuskilyrði og umferðaröryggi við Fossvogsbrún. Að hönnun og útfærsla breytinga við búsetukjarna við Fossvogsbrún verði í samráði við Kópavogsbæ, umhverfissvið og velferðarsvið. Tryggt verði að fjöldi bílastæða haldist óbreyttur og að umferðaröryggi íbúanna verði í forgangi. Hafa skal sérstaklega í huga við útfærslu leiðarinnar við Fossvogsbrún að um húsagötu er að ræða þar sem svefnherbergi og dvalarsvæði snúa að götunni.

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

